Skaftárhreppur

FUNDARBOÐ

538. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps verður haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4 mánudaginn 30. nóvember 2026, kl. 09:00.

Dagskrá:

Fundargerðir til kynningar

1. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands - fundargerðir - 2609019**

   Lagðar fram til kynningar fundargerðir Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

2. **Fundargerðir Samtaka sunnlennskra sveitarfélaga SASS - 2608014**

   Lagðar fram fundargerðir frá 640. og 641 fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).

3. **Ytri-Skógar - fundargerð samráðsfundar eigenda 5. nóvember 2026 - 2611019**

   Lögð er fram til kynningar fundargerð samráðsfundar eigenda Ytri-Skóga frá 5. nóvember 2026. Á fundinum var samstaða um að auglýsa jörðina til ábúðar þegar núgildandi ábúðarsamningi lýkur. Jafnframt var samþykkt að leita til KPMG um að skoða kosti varðandi framtíðarumsjón og rekstur jarðarinnar. Þá var farið yfir kostnað við uppbyggingu bílastæða við Skógafoss og tekjur af bílastæðagjöldum.

Fundargerðir til samþykktar

4. **Velferðarráð Skaftárhrepps 14 fundur - 2611007**

   Lögð fram til samþykktar fundargerð 14. fundar velferðarráðs Skaftárhrepps, haldins 12. nóvember 2026. Meðal mála voru starfsemi grunn- og leikskóla, héraðsbókasafns, íþróttamiðstöðvar, tónlistarskóla og félagsmiðstöðvar, menningarmál og starfsemi Kirkjuhvols. Jafnframt voru til umfjöllunar starfsáætlanir skóla, tillaga um spretthóp vegna starfsemi Kærabæjar, reglur um skólahald og skólaakstur vegna veðurs og undirbúningur fjárhagsáætlunar 2027.

5. **Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps 2026-2030 - 18 - 2610003F**

   5.1 2610025 - Deiliskipulag Bringuhóls (VÞ24) í landi Heiðarsels

   5.2 2610022 - Uppskipting Hemrumarkar

   5.3 2610004 - Stofnun lóðar_Núpstaður Land.

   5.4 2609022 - Breyting á deiliskipulagi Hrífunes, lóð C

   5.5 2508003 - Sjónarhóll deiliskipulag

   5.6 2609023 - Breyting á aðalskipulagi, Snæbýli

   5.7 2510002 - Deiliskipulag miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri

6. Fundargerðir stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaft. - 2611016

Lagðar eru fram til kynningar fundargerðir 102. og 103. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Jafnframt er lögð fram til afgreiðslu fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2027 ásamt forsendum og sundurliðun framlaga. Stjórn byggðasamlagsins samþykkti áætlunina samhljóða á 103. fundi sínum 27. október 2026. Áætlað framlag Skaftárhrepps er 42,1 m.kr.

Almenn mál - umsagnir og vísanir

7. Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026 - 2609005

Lögð fram leiðrétt umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis, dagsett 18. nóvember 2026, vegna frumvarps til laga um aðgang barna að samfélagsmiðlum, 285. mál.

Frumvarpið miðar að því að styrkja vernd barna í stafrænu umhverfi. Lagt er til að börn yngri en 15 ára hafi ekki sjálfstæðan aðgang að samfélagsmiðlum og að foreldrar og forsjáraðilar beri ábyrgð á að framfylgja því. Jafnframt er gert ráð fyrir fræðslu og forvörnum, meðal annars í grunnskólum. Umsagnarfrestur er til og með 2. desember 2026.

8. Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026 - 2609005

Lögð fram umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis, dagsett 25. nóvember 2026, vegna frumvarps til laga um náttúru- og innviðagjald, 328. mál.

Frumvarpið felur í sér fyrirkomulag gjaldtöku og aðgangsskírteina vegna heimsókna á tiltekin landsvæði í eigu eða umsjón ríkisins. Markmiðið er að stuðla að fjármögnun náttúruverndar og uppbyggingar og viðhalds innviða. Umsagnarfrestur er til og með 3. desember 2026.

9. Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026 - 2609005

Lögð fram umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2026, vegna 286. máls, Stefna og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna til ársins 2031. Umsagnarfrestur var til og með 27. nóvember 2026.

10. Nefndarsvið - umsagnarbeiðnir 2026 - 2609005

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Skaftárhrepps um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2027?2041. Lagt er fram svar Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur hjá nefnda- og greiningarsviði Alþingis þar sem hún staðfestir að Skaftárhreppur hafi fengið umbeðinn frest til þriðjudagsins 1. desember 2026 til að skila umsögn.

Meðfylgjandi umsögn er lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Þar er lögð áhersla á mælingar á aðgengi að grunnþjónustu, vetrarþjónustu og viðbragðsgetu í dreifbýli og að fjármögnun taki mið af stærð þjónustusvæðis og árstíðabundnu álagi.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

11. Gangnamannaskáli við Blæng - beiðni um framlengingu samnings - 2510025

Lagt fram erindi Ferðafélagsins Blængs, dags. 26. október 2026, þar sem óskað er eftir 20 ára framlengingu samnings um rekstur gangnamannaskálans í Blæng. Samhliða hyggst félagið breyta samþykktum sínum, opna fyrir almenna félagsaðild og efla útivistarstarf í Skaftárhreppi.

12. Jarðstrengslögn milli Ytri-Skóga og Eystri-Skóga - beiðni frá RARIK um samþykki landeiganda - 2611010

Lagt fram erindi RARIK, dags. 16. nóvember 2026, þar sem óskað er eftir samþykki Skaftárhrepps sem meðeiganda lands Ytri-Skóga fyrir lagningu jarðstrengja og uppsetningu stöðva milli Ytri-Skóga og Eystri-Skóga. Framkvæmdinni er ætlað að leysa af hólmi illa farna loftlínu og tryggja örugga raforkuafhendingu.

13. Aðild Skaftárhrepps að Samtökum landbúnaðarsveitarfélaga - 2611012

Fulltrúar Ö-listans hafa fylgt eftir aðild Skaftárhrepps að Samtökum landbúnaðarsveitarfélaga og óskað eftir því að sveitarstjórn taki málið til afgreiðslu. Tillaga þeirra og greinargerð eru lagðar fram ásamt erindi Bryndísar Gunnlaugsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 26. nóvember 2026, þar sem óskað er eftir staðfestingu á því hvort Skaftárhreppur hyggist gerast stofnaðili.

Samtökin voru stofnuð 7. október 2026 til að efla samstarf og sameiginlega hagsmunagæslu sveitarfélaga í málum sem varða landbúnað, matvælaframleiðslu, landnýtingu og byggðaþróun. Á stofnfundinum var lagt til að árgjald í íbúaflokki Skaftárhrepps yrði 75.000 kr. árið 2026 og 150.000 kr. á ári 2027 og 2028.

14. Tengivegaáætlun Suðursvæðis - forgangsröðun vegkafla í Skaftárhreppi - 2611015

Lagt er fram erindi Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir forgangsröðun Skaftárhrepps á fjórum malarköflum á tengivegum með tilliti til lagningar bundins slitlags. Erindið er liður í endurskoðun fimm ára tengivegaáætlunar Suðursvæðis.

Sveitarstjóri fór yfir erindið með fulltrúum Vegagerðarinnar 26. nóvember 2026. Þar kom fram að við mat á framkvæmdum er meðal annars horft til umferðar, skólaaksturs, vinnusóknar og viðhaldsþarfar. Óskað er eftir að sveitarstjórn tilgreini forgangsröð.

- Meðallandsvegur (204-03) í framhaldi af núverandi slitlagsenda við Ytri-Lynga - ÁDU 41

- Hrífunesvegur (209-01), frá Hringvegi í átt að Hrífunesi - ÁDU 150

- Skaftárdalsvegur í framhaldi af núverandi slitlagi (208-01) - ÁDU 90

- Álftaversvegur (211-01) - ÁDU 133

15. Gjaldskrá Slökkviliðs Skaftárhrepps 2027 - 2611018

Lögð er fram til afgreiðslu tillaga slökkviliðsstjóra að nýrri gjaldskrá Slökkviliðs Skaftárhrepps ásamt minnisblaði hans, dags. 27. nóvember 2026. Í tillögunni eru fjárhæðir uppfærðar og bætt við sérstökum ákvæðum um gjaldtöku vegna umsagna, tiltekinna verkefna við eldvarnaeftirlit, eftirlits með búsetu í atvinnuhúsnæði og úttekta utan skoðunaráætlunar.

16. Álagning 2027 - útsvar, fasteignaskattur og gjalddagar fasteignagjalda - 2611009

Lögð er fram tillaga að útsvarshlutfalli, álagningarhlutföllum fasteignaskatts og gjalddögum fasteignagjalda í Skaftárhreppi árið 2027.

17. Framlenging tímabundinnar ráðningar fjármálastjóra - 2611020

Lögð er fram tillaga sveitarstjóra um að framlengja tímabundna ráðningu Eyglóar Kristjánsdóttur, fjármálastjóra Skaftárhrepps, um sex mánuði, frá 1. desember 2026 til og með 31. maí 2027. Núgildandi ráðningarsamningur rennur út 30. nóvember 2026. Tillagan miðar að því að tryggja samfellu í fjármálastjórn við lok fjárhagsáætlunargerðar og undirbúning ársuppgjörs, á meðan farið verður yfir verkaskiptingu, ábyrgð og starfslýsingar á skrifstofu sveitarfélagsins.

18. Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2027-2030 - 2611021

Lögð er fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun Skaftárhrepps fyrir árið 2027 ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2028?2030.

Fundargögn vegna fyrri umræðu um fjárhagsáætlun hafa ekki enn borist frá KPMG. Von er á þeim síðdegis í dag, föstudaginn 27. nóvember, og verða þau sett í fundagátt sveitarstjórnar um leið og þau berast.

Mál til kynningar

19. Flutningur verkefna heilbrigðiseftirlita til Umhverfis- og orkustofnunar - staða undirbúnings - 2611006

Lagður fram tölvupóstur frá SASS, dags. 20. nóvember 2026, með upplýsingum frá forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar um undirbúning flutnings verkefna heilbrigðiseftirlita til stofnunarinnar um áramót. Fjallað er um ráðningar og starfsstöðvar, yfirfærslu gagna, undirbúning eftirlits, gjaldskrá og upplýsingagjöf. Fram kemur að fimm starfsmenn á Suðurlandi hafi þegið starf hjá stofnuninni og að kynning á nýrri gjaldskrá og rafrænni þjónustu sé fyrirhuguð.

20. Fjallskilanefnd Álftaversafréttar - fundargerð og fjallskilaseðill 2026 - 2610023

Lögð fram fundargerð fjallskilanefndar Álftaversafréttar frá 25. ágúst 2026 ásamt fjallskilaseðli vegna haustsins 2026. Gögnin bárust sveitarfélaginu að loknum fjallskilum þar sem láðst hafði að senda þau fyrr.

21. Öruggara Suðurland - áframhaldandi samstarf - 2610013

Lagður fram tölvupóstur tengiliðar Öruggara Suðurlands með upplýsingum um skipan framkvæmdarteymis samstarfsins, í framhaldi af endurnýjun samstarfsyfirlýsingar á

ársþingi SASS 30. október 2026. Fulltrúar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í teyminu eru Svava Davíðsdóttir og María Guðrún Arnardóttir.

22. HSL - Aðalfundargerð og áætlað framlag 2027 - 2611011

Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. frá 30. október 2026 ásamt yfirliti yfir áætluð framlög aðildarsveitarfélaga árið 2027. Samkvæmt yfirlitinu er áætlað framlag Skaftárhrepps 843.985 kr. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins tekur mið af frágangi og slitum þess, en endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir.

23. Flutningur verkefna heilbrigðiseftirlita til Umhverfis- og orkustofnunar - staða undirbúnings - 2611006

Lagt er fram til kynningar erindi Sigrúnar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 25. nóvember 2026. Erindinu fylgir sameiginlegt bréf sex héraðsskjalavarða til Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 20. nóvember 2026, um skjalaskil við niðurlagningu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Í erindinu kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þurfi að afhenda Héraðsskjalasafni Árnesinga bæði rafræn skjöl og pappírsskjöl við lok starfseminnar. Jafnframt er vakin athygli á ábyrgð og kostnaði við skjalaskilin og því að verkefni vegna slita stofnunarinnar verði enn ólokin þegar lögbundin eftirlitsverkefni flytjast til ríkisins 1. janúar 2027.

24. Drög að reglugerð um neysluvatn - kynning - 2611013

Lagt er fram til kynningar erindi Sigrúnar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 18. nóvember 2026, um drög að reglugerð um neysluvatn sem birt hafa verið í Samráðsgátt stjórnvalda. Erindið var sent heilbrigðisnefnd og aðildarsveitarfélögum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Í erindinu er vakin athygli á því að samkvæmt drögunum verði sveitarfélögum falið að ákvarða vatnsverndarsvæði. Jafnframt er lagt til í 14. gr. að rekstraraðilar vatnsveitna annist reglubundna vöktun neysluvatns og að Stofnun atvinnuveganna taki eða láti taka sannprófunarsýni. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að breytingarnar geti haft áhrif á ábyrgð, framkvæmd sýnatöku og kostnað, einkum hjá minni vatnsveitum.

Slóð á málið í samráðsgátt: https://island.is/samradsgatt/mal/4384

25. Stafrænt samstarf sveitarfélaga - fjárhags- og verkefnaáætlun 2027 - 2611014

Lögð er fram til kynningar fjárhags- og verkefnaáætlun stafræns samstarfs sveitarfélaga fyrir árið 2027 ásamt sundurliðun verkefna og framlaga. Í áætluninni er gert ráð fyrir að framlag Skaftárhrepps verði 447.470 kr. og greiðist í tveimur jöfnum greiðslum í júní og desember. Stærsti hluti fjármögnunarinnar fer í þróun og rekstur stafrænnar þjónustu við íbúa, meðal annars í umsóknar- og afgreiðslukerfinu Veitu 2.0.

26. SASS - áætluð framlög Skaftárhrepps árið 2027 - 2611017

Lagt er fram til kynningar erindi frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) ásamt yfirliti yfir áætluð framlög aðildarsveitarfélaga til SASS, ART og sóknaráætlunar árið

Skaftárhreppur

2027. Samkvæmt yfirlitinu nemur áætlað heildarframlag Skaftárhrepps 1.825.964 kr. Þar af eru 1.509.018 kr. til SASS, 54.946 kr. til ART og 262.000 kr. til sóknaráætlunar.

27.11.2026
Sigurjón Andrésson, sveitarstjóri.